

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, í Helguvík, til vinnslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 2030.

Umhverfisstofnun, 17. febrúar 2014.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.